

Reykjavík, 7. júlí 2017

Samkomulag um sátt vegna brots Landsbankans hf. á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 22. maí 2017 gerðu Fjármálaeftirlitið og Landsbankinn hf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að hafa láðst að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í N1 hf. innan lögbundins tímafrests.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 11.800.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Málsaðili var eigandi að hlutum í N1 hf. Í desember 2015 var gerð breyting á útgefnu hlutafé N1 hf. sem láðist að færa inn í kerfi málsaðila. Málsaðili átti viðskipti þann 11. janúar 2016 með hluti í N1 hf. án þess að taka mið af þeim breytingum sem urðu á útgefnu hlutafé N1 hf. í desember 2015.

Málsaðili sendi tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins og regluvarðar N1 hf. þann 21. janúar 2016 þegar honum varð ljóst að flöggunarskylda hefði stofnast með viðskiptunum þann 11. janúar 2016 þar sem málsaðili fór yfir 5% eignarhlut í N1 hf. Málsaðili óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

Lagagrundvöllur

Eigandi, sem aftar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%, samkvæmt 1. mgr. 78. gr. vvl. Tilkynninguna skal senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskyldan stofnaðist, samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl.

Brot á 86 gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 20. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 86. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot sé að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eigenda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráða yfir verulegum atkvæðisrétti í útgefandanum og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun þeirra. Sektarfjárhæðin tók mið af flokkun löggafans á alvarleika brotsins. Einnig var tekið mið af því að málsaðili hefur ekki á síðustu fimm árum gerst brotlegur við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti og því að tafir hafa orðið á meðferð málsins sem ekki verða raktar til málsaðila.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti, veltu málsaðila fyrir rekstrarárið 2015 og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 11.800.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.